

***Námsáætlun fyrir samfélagsgreinar 9. bekkur**
Skólaárið 2021-2022



Kennari: Jón Ragnar Ástþórsson

Tímafjöldi: 4 kennslustundir á viku (1 kennslustund á viku kennd í Bræðingi, 1 kennslustund á viku í umsjón og 2 í lífsleikni)

Skólaárið 2021-2022 verður verkefnið Bræðingur á unglíngastigi en það er kennslufyrirkomulag þar sem nokkrar námsgreinar eru samþættar og unnið er með þema eða áherslutengd verkefni.

Samfélagsfræðikennarar skipuleggja samfélagsfræðina í Bræðingnum í teymisvinnu en hæfniviðmið úr samfélagsfræðina eru sett fram í hverri lotu.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann.	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu. Fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnfars. Útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga. Rætt og borið saman ólík trúar og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt. 	<p>Kennsla fer fram þannig:</p> <ul style="list-style-type: none"> Lesum bókina í tímum(kennari og nem.) Gagnvirkur lestur (nem. Lesa fyrir hvert annað) Hópavinna (kynna verkefni) Nemendur vinna verkefni í hópum og í einstaklingsvinnu, þemavinna. 	<p>Leiðsagnarmat í öllum verkefnum</p> <p>Virgni í umræðum og í vinnu.</p> <p>Hópverkefni og þemavinna metin til einkunnar.</p>

	<ul style="list-style-type: none">• Útskýrt trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum.• Ígrundað víxlverkun samfélags, stjórn mála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar.• Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.• Fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.• Greint áhrif Biblíunnar og helgiritanna annarra helstu trúarbragða á menningu og samfélög.• Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.• Séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfispáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagsshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum.• Útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum,		
--	--	--	--

	<p>hefðum og minningum.</p> <ul style="list-style-type: none"> Sýnt fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims. 		
<ul style="list-style-type: none"> Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra. 	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum. Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta. 		<p>Leiðsagnarmat í öllum verkefnum</p> <p>Virgni í umræðum og í vinnu.</p> <p>Hópverkefni og þemavinna metin til einkunnar.</p>

Námsgögn:

Efni frá kennara, lagt inn á Classroom og unnin í lotum í Bræðingi.

Ýmislegt efni á vefnum. mms.is, sjukast.is,

Fyrstu skref í fjármálum.

Lokanámsmat:

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.

Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C, D.